

Fundur í skólaráði Kópavogsskóla miðvikudaginn 4. september 2019 kl. 8:00

Sameiginlegur fundur með stjórn foreldrafélags skólans.

Peir sem eru mættir:

Birna Björnsdóttir og Svanborg Ísberg fulltrúar kennara, Hildur Elfa Björnsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Jóhannes Larsen fulltrúi foreldra, Sólveig Helga Jóhannsdóttir grenndarfulltrúi, Ragnheiður Kristinsdóttir formaður foreldrafélagsins auk Lilju Guðrúnar Sæþórsdóttur, Katrínar M. Lehmann, Katrínar Guðlaugsdóttur og Eva Hjörleifsdóttir frá foreldrafélaginu. Einnig Guðmundur Ásmundsson skólastjóri og Guðný Sigurjónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð. Pálmi Gunnarsson foreldrafulltrúi boðaði forföll og ekki var búið að kjósa fulltrúa nemenda.

Upphaf vetrarstarfsins:

Guðmundur fór yfir helstu endurbætur sem gerða voru á húsnæði skólans í sumar og stöðu þess í skólans í upphafi skólaárs. Almennar umræður um málið. Sjáum fram á stækkun á næstu árum. Já það er komin heimild fyrir úttekt á húsinu. Mikið af íbúðum fyrirhugaðar í hverfinu.

Mikil fjölgun nemenda í Frístund. Auglýst eftir starfsfólki í Frístund og fengum margar góðar umsóknir. Rætt um hvað Frístund noti margar stofur.

Guðmundur ræðir um starfsmannamál. Við erum með 6 leiðbeinendur. Erum líka að ráða inn stuðningsfulltrúa.

Lagfæringum á stundatöflum að ljúka. Hafragrautur í boði fyrir upphaf skóladagsins og gengur vel, allt að 60 nemendur mæta snemma og fá sér graut.

Rætt um árekstur við íþróttafélög og íþróttir í íþróttasal skólans fyrir nemendur í Frístund. Ekki var næg þátttaka til að byrja á því aftur í haust.

Foreldrafélagið vill meiri auglýsingar um íþróttir sem koma utan af og inn í skólann. Rætt um að hafa þetta fast inn í Frístund.

Ragnheiður sendi dagskrá foreldrafélagsins í gær. Ragnheiður segir frá henni.

Mjög algengt að það mæti engin í foreldraröltið. Mjög mikilvægt að röltta og vera sýnilegur. Góð forvörn. Hugmynd frá foreldrafélaginu að hafa bingó fyrir foreldrafélaginu. Fullmannað foreldrafélag.

Ragnheiður kom inn á fráföll foreldris og hvað er gert. Guðmundur fór yfir verklagsreglur í áfallaáætlun en þær eru á heimasíðu skólans. Fyrirspurn foreldra um fræðslu (eitt líf). Fræðsla hefur verið gerð sameiginlega á milli skóla því það mættu orðið svo fáir á fyrirlestra.

Erfitt að fá foreldra á fyrirlestra og á fundi.

Rætt um notkun barna á semfélagsmiðlum. Rætt um hvað unglingar í dag eru flottir.

Rætt um árganga (engir bekkir) hvað með afmæli. Þarf kannski að hugsa það upp á nýtt.

Er þátttaka foreldra minni eða meiri hér en annarstaðar. Viðrist vera eins annarstaðar.

Starfsáætlun skólaársins 2019-2020:

Guðmundur fjallar um starfsáætlun. Er uppfærð á haustin. Rætt um hvað það sé mikil tími sem fer í skjalið. Þeir foreldrar sem hafa áhuga á skólanum lesi allt skjalið. Rætt um hvað það sé flott að eiga skype fund við nemendur erlendis og starfsmenn ef þörf er á.

Svanborg ræðir um hvort að það sé skyldumæting á fundi foreldra.

Guðmundur og Ragnheiður ætla að hittast eftir helgi og ræða um hvernig sé best að setja upp foreldra vinnuna.